



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. febrúar 2021
ÞON21010016

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði, bættu þjónustu og kostnað - R20110346

Vísað er til bréfs, dagsett þann 29. janúar 2021, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við framhaldsfyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði n.t.t. stýringu á gæðum þjónustu og kostnaði.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

Reykjavík, 15. febrúar 2021
ÞON21010016

ÓJS

Svar

Viðtakandi: borgarráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði, bættu þjónustu og kostnað - R20110346

Þann 28. janúar 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Fram hefur komið í svari vegna áður framlagðra fyrirspurna Flokks fólksins að í reglum Reykjavíkurborgar um framkvæmd fjárhagsáætlunar er kveðið á um að sviðsstjórar og stjórnendur skuli hafa frumkvæði að því að innleiða umbætur í rekstri til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Spurning fulltrúa flokks fólksins: Hvernig er hægt að bæta þjónustu með því að leggja niður gæðavottað þjónustuteymi og fá í staðinn fólk frá verktökum sem hefur kannski minni reynslu af því að þjónusta borgarstarfsmenn? Einnig: Hvernig gengur það upp að lækka kostnað með því að ráða inn verktaka sem kosta mun meira en fastir starfsmenn?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 29. janúar 2021.

Svar:

Á fundi borgarráðs 28. janúar s.l. var lagt fram svar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á rekstri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar m.t.t. útvistunar verkefna sviðsins, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember 2020. Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. febrúar s.l. var lagt fram svar ÞON við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á rekstri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar í tengslum við uppsagnir á ÞON, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember 2020. Jafnframt hafa trúnaðargögn vegna málsins verið gerð aðgengileg borgarfulltrúum sbr. svar skrifstofu borgarstjórnar sem lagt var fram í borgarráði þann 12. nóvember 2020, 20. lið.

Í þessum ítarlegu svörum og gögnum sem þegar hafa verið lögð fram, er að finna allar þær upplýsingar sem beðið er um.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri